

M-CHAT-R™

Vinsamlega svaraðu eftirfarandi spurningum um barnið þitt. Hafðu í huga hvernig barnið hegðar sér venjulega. Ef þú hefur séð tiltekna hegðun hjá barninu í nokkur skipti, en það sýnir hana ekki venjulega, svaraðu þá **nei**. Vinsamlega gerðu hring um **já eða nei** fyrir hverja spurningu. Takk fyrir.

1.	Pegar þú bendir á eitthvað hinum megin í herberginu, horfir barnið á það? (TIL DÆMIS, þegar þú bendir á leikfang eða dýr, horfir barnið á leikfangið eða dýrið?)	Já	Nei
2.	Hefur þú einhvern tíma velt fyrir þér hvort barnið gæti verið heyrnarskert?	Já	Nei
3.	Leikur barnið þykjustu- eða ímyndunarleiki? (TIL DÆMIS, þykjast drekka úr tómum bolla, þykjast tala í síma eða þykjast mata dúkku eða tuskudýr?)	Já	Nei
4.	Finnst barninu gaman að klifra? (TIL DÆMIS, á húsgögnum, í útileiktækum eða í stigum)	Já	Nei
5.	Sýnir barnið <u>óvenjulegar</u> fingrahreyfingar nálægt augunum? (TIL DÆMIS, hristir barnið fingurna hratt upp og niður nálægt augunum?)	Já	Nei
6.	Bendir barnið með einum fingri til að biðja um eitthvað eða til að fá hjálp? (TIL DÆMIS, að benda á snakk/nammi eða leikfang sem er utan seilingar)	Já	Nei
7.	Bendir barnið með einum fingri til þess að sýna þér eitthvað áhugavert? (TIL DÆMIS, að benda á flugvél á lofti eða stóran vörubíl á veginum)	Já	Nei
8.	Hefur barnið áhuga á öðrum börnum? (TIL DÆMIS, horfir barnið á önnur börn, brosir til þeirra eða fer til þeirra?)	Já	Nei
9.	Sýnir barnið þér hluti með því að koma með þá til þín eða að halda þeim á lofti svo þú getir séð þá – ekki til að fá hjálp, bara til að deila með þér? (TIL DÆMIS, að sýna þér blóm, tuskudýr, eða leikfangabíl)	Já	Nei
10.	Bregst barnið við nafninu sínu þegar þú kallar? (TIL DÆMIS, lítur það upp, talar, bablar, eða hættir því sem það er að gera þegar þú kallar á það með nafni?)	Já	Nei
11.	Þegar þú brosir til barnsins, brosir það til baka?	Já	Nei
12.	Kemur hversdagslegur hávaði barninu í uppnám? (TIL DÆMIS, öskrar barnið eða grætur vegna hávaða í ryksugu eða háværrar tónlistar?)	Já	Nei
13.	Gengur barnið óstutt?	Já	Nei
14.	Horfir barnið í augun á þér þegar þú talar við það, leikur við það eða klæðir það?	Já	Nei
15.	Reynir barnið að herma eftir því sem þú gerir? (TIL DÆMIS, vinka bless, klappa, eða framkalla skemmtileg/sniðug hljóð þegar þú gerir það)	Já	Nei
16.	Þegar þú snýrð höfðinu til þess að horfa á eitthvað, horfir barnið í kringum sig til þess að sjá hvað þú ert að horfa á?	Já	Nei
17.	Reynir barnið að fá þig til að horfa á sig? (TIL DÆMIS, horfir barnið á þig til að fá hrós eða segir „sjáðu“ eða „sjáðu mig“?)	Já	Nei
18.	Skilur barnið þegar þú segir því að gera eitthvað? (TIL DÆMIS, ef þú bendir ekki, getur barnið skilið „settu bókina á stólinn“ eða „komdu með teppið til mín“?)	Já	Nei
19.	Þegar eitthvað nýtt gerist, horfir barnið framan í þig til þess að sjá hvað þér finnst um það? (TIL DÆMIS, þegar það heyrir skrýtin eða skemmtileg hljóð eða sér nýtt leikfang, horfir það þá framan í þig?)	Já	Nei
20.	Finnst barninu hreyfileikir skemmtilegir? (TIL DÆMIS, að láta sveifla sér eða vera hossað á hnjónum þínum)	Já	Nei